



## Faghópur II

### Fundargerð 18. fundar

Orkugarði 7. október 2009, kl. 13:30

**Mætt:** Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Friðrik Dagur Arnarsson, Ólafur Örn Haraldsson, Rögnvaldur Ólafsson, Sveinn Runólfsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Jóhannes Sveinbjörnsson,

#### Fundarfrásögn:

1. **Fundargerð.** Fundargerðir tveggja síðustu funda voru samþykktar.
1. **Formannafundur faghópa.** Anna gerði grein fyrir formannafundi faghópa sem haldinn var 30. sept. Meginefni fundarins var hugsanleg grisjun virkjunarkosta. en niðurstaðan var að sem flestir kostir verði teknir til mats. Það er undir mati hvers faghóps komið hvort gögn séu nægjanlega góð gagnvart einstökum kostum. Séu gögn ónóg skal mati sleppt. Fram kom hjá formanni faghóps 4 að upplýsingar um línulagnir muni liggja fyrir 14. okt. og mikilvægt er að það gangi eftir. Þá var ákveðið að fulltrúar faghóps 2 muni hitta faghóp 3 til að tryggja að einstakir fletir ferðapjónustunnar falli ekki milli skips og bryggju. Kallaði Anna eftir sjálfboðaliðum til að taka þátt í fundinum.
2. **Afmörkun svæða – forsendur.** Fram komu hugmyndir um nýja nálgun á afmörkun svæða og þeim fylgdu tillaga að svæðaskiptingu vegna Markarfljótsvirkjana og Torfajökulsvæðisins. Skipta skyldi einu stóru svæði í nokkur minni undirsvæði. Ljóst væri að enda þótt einstök virkjun hefði áhrif á allt stór-svæðið væru áhrif á undirsvæðin mis sterk er réðist af fjarlægð og staðsetningu. (Grunn-tillagan fylgir fundargerð á vinnusvæði heimasíðunnar.) Hvert undirsvæði verði verðmætameið og út frá því þróuð aðferð til búa til heildareinkunn fyrir stór-svæðið. Þessi nálgun þótti mjög vel grunduð og samþykkt að fylgja henni. Rætt var um afmörkun undirsvæða tillögunnar og mun Ólafur Örn taka þátt í að fínþússa svæðamörk.
3. **Svæðalýsingar.** Formaður lagði fram sýnishorn af skriflegri lýsingu á afmörkun svæðis en nauðsynlegt er að leggja fram slíka lýsingu með öllum svæðum. Niðurstaðan varð sú að kynna svæðin fremur á korti og rökstuðningur fyrir afmörkun myndi fylgja.
4. **Leiðbeiningar um útfyllingu matsblaðs.** Anna Dóra kynnti leiðbeiningablað sem ætlað er að samræma skilning hópsins á útfyllingu matsblaðs um einstök svæði. Á blaðinu eru dæmi um einkunnir gagnvart einstökum undir-viðföngum í mati á verðmætum. Var blaðið haft til hliðsjónar við mat á Markarfljótssvæðinu. Fram komu ýmsar athugasemdir og ákveðið var að

hver meðlimur færi gagnrýnið í gegnum leiðbeiningablaðið og kæmi með heildstæðar athugasemdir á næsta fund.

5. **Vernduð svæði.** Starfsmanni var falið að afla upplýsinga um vernduð svæði/staði (Umhverfisstofnun) sem virkjunaráform geta haft áhrif á.
6. **Erindisbréf.** Rögnvaldur og Friðrik kölluðu eftir formlegu erindisbréfi um setu í faghópnum.
7. **Næsti fundur** verður haldinn í Gunnarsholti 14.-15. okt. Lagt verður upp frá Reykjavík um kl. 10:30 og verða Anna og Tómas akandi. Friðrik Dagur fer af stað á eigin bíl kl. 11:30. Tómas fer til baka um kvöldið en aðrir faghópsmenn koma til baka síðdegis þann 15. okt. Ákveðið var að breyta fundartíma þann 29. okt. og hefja fundinn kl. 8:00.